

Umsögn Strandveiðifélags Íslands um 6. mál, þingsályktunartillaga: Tímabinding veiðiheimilda til 20 ára o.fl.

153. löggjafarþing 2022–2023.

Strandveiðifélag Íslands varar eindregið við þessari tillögu.

Við erum sammála því að eyða verður lagalegri óvissu um eignaréttarlega stöðu veiðiheimilda og að þær skuli vera tímabundnar. Strandveiðifélagið ásamt meirihluta þjóðarinnar er þeirrar skoðunar að íslenska þjóðin eigi fiskveiðiauðlindina og því sé engin lagaleg óvissa. Fyrir minnihluta þjóðarinnar og kvótahafa er þó sjálfsagt og nauðsynlegt að eyða þessum ágreiningi í eitt skipti fyrir öll.

Þessi útfærsla er hins vegar óskynsamleg.

Við gerum athugasemdir við að veiðiheimildum sé úthlutað til 20 ára. Nýliðun verður erfið og hætt við að greinin staðni. Kerfið er jafnlokað sem fyrr og útgerðarform einsleitara.

Fyrning um 5% á ári er alltof hæggeng. Úgerðin ræður við meira enda hafa þær sýnt þegar verulegar skerðingar í veiðiráðgjöf einstakra tegunda og/eða verð á sjávarfangi sveiflast mikið að það er vel viðráðanlegt fyrir stærstu útgerðirnar.

Þá verður að gera öllum kleift að bjóða í heimilidirnar, án fjárhagsstöðu eða aðgengi að fjármálastofnunum. Það er alveg ljóst að núverandi kvótahafar eru í yfirburðastöðu að ná aftur til sín fyrndum veiðiheimildum og þá erum við komin nánast í sömu stöðu og í dag.

Veiðiheimildir á uppboði þurfa að vera á sveigjanlegum tímaramma og jafnvel rúllandi uppboð 2-3 á ári. Það verður að gera fólki kleift að bjóða í eins árs veiðiheimildir, þriggja ára osfrv.

Þá þykir okkur nokkuð loðið hvað átt er við uppbyggingarsjóð og hvernig honum er ætlað að efla byggð utan höfuðborgarsvæðisins.

Það eru mun betri leiðir til að nálgast markmið tillögunnar og Strandveiðifélag Íslands er tilbúið til samstarfs um þá útfærslu.

F.h. stjórnar Strandveiðifélags Íslands
Álfheiður Eymarsdóttir, starfandi formaður